

KJARVAL

30% afsláttur

689 KR. KG

Goða saltkjöt blandað

40% afsláttur

móal

539 KR. KG

Móa kjúklingur ferskur

25% afsláttur

598 KR. KG.

Redfood krepenettur í laukraspi

398 KR. PTL.

Gríms tilbúin fiskréttir

25% afsláttur

Gríms fiskibuff

369 KR. PTL.

Kelloggs kornflakes DVD's

139 KR. STR.

Pepsi Max 2 lítrar

15% afsláttur

Heras kökur 2 tegundir

429 KR. PTL.

Góu tuenna

268 KR. PTL.

Papco salemispappír

345 KR. KG

Rófur íslenskar

599 KR. KG

Spergilkál íslenskt

20% afsláttur

Toro íslensk kjötsúpa

- Þín tilboð í Kjarval -

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum



Hvolpar fást gefins á góð heimili. Móðirin er svört labrador tík. Myndir af hvolpunum eru á heimasíðunni, blendingar.blog.is

Nánari upplýsingar hjá Jenný og Kidda í Langholti, sími 486 3313

Augnlæknir á Kirkjubæjarklaustri

Harpa Hauksdóttir augnlæknir verður á Heilsugæslunni á Klaustri 17.-19. september n.k.

Tímapantanir eru á Heilsugæslunni Klaustri í síma **480- 5350.**

Kæru sveitungar og vinir.

Þakka ykkur öllum sem samglöddust með mér og fjölskyldu minni í tilefni af 60 ára afmælinu 18. ágúst s.l.

Þakka einnig góðar kveðjur og gjafir.



Þessi helgi verður ógleymanleg.

*Bestu kveðjur,
Margrét Guðmundsdóttir,
Vatnsskárdshólum.*

Tannlæknir

Jón Steindór Sveinsson tannlæknir verður á Heilsugæslustöðinni í Vík þann **09. september næstkomandi.**

Tímapantanir í síma 4805340

Gáta

Ég er hús með öngum tveim, í mér liggja bræður fimm, í hörðum kulda hlífi ' eg þeim, þótt hríðin verði köld og grimm.

Svar: vettlingur

VITINN á www.sudurland.net

Skemmtiferð.

Lionsklúbburinn Suðri og Hópfarabílar Suðurlands bjóða eldri borgurum á félagssvæðinu til dagsferðar, einhvern dag á næstunni, þegar vel viðrar.

(blásið verður til brottferðar með stuttum fyrirvara).

Farið verður kl.10 að morgni frá KB banka. Fyrirhugað er að fara í siglingu við Dyrhólaey með Þorsteini á Vatnsskarðshólum

Síðan verður farið í ferðapjónustuna að Völlum og hún skoðuð, boðið verður þar upp á súpu, brauð og kaffi.

Þeir eldri borgarar, sem hafa áhuga og aðstæður til þess að koma með í þessa ferð, láti vinsamlega vita sem fyrst til:

**Sigurðar Hjálmarssonar í síma: 869 0170
Jóns Valmundssonar í síma 487 1146**

Lionsklúbburinn Suðri.

Hálendismiðstöðin Hólaskjól

Við viljum ráða tvo bráðhressa einstaklinga til starfa við hálendismiðstöðina Hólaskjól, sem er á Fjallabaksleið við Eldgjá. Starfið fellst í móttöku ferðamanna og allri umsjón með svæðinu. Starfstími frá 1. júní 2009 til 15 september 2009. Auk þess væri æskilegt að viðkomandi gætu tekið að sér, í vetur, að taka á móti og staðfesta pantanir á netinu. Þetta er tilvalið starf fyrir þau, sem hefur ánægju af að umgangast fólk og starfa í fallegu umhverfi.

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Sveinsson, Flögu Skaftártungu, sími 487 1447, netfang flaga@simnet.is

Löggufréttir vikuna 25. ágúst til 1. september 2008

Alls voru 117 mál þessa vikuna á Hvolsvelli.

Í vikunni voru 71 teknir fyrir að aka of hratt í umdæminu Hvolsvöllur, en sá sem hraðast ók var á 154 km hraða. Fjögur umferðaróhöpp voru tilkynnt í vikunni. Bílvelta var á Landvegi þar sem malbikinu sleppir talið er að um minniháttar meiðsl sé um að ræða en tveir aðilar voru fluttir til Reykjavíkur með sjúkrabíl. Bílvelta var inná svæðinu við Gaddstaðaflatir og var talið að tveir aðilar hafi meiðst, um minniháttar meiðsl var um að ræða. Síðan var mótórhjólaskilyg við Hellu. Aðili féll af hjólinu sínu, ekki vitað um hversu alvarleg meiðsl var um að ræða. Á Lakavegi rákust saman ferðahýsi sem voru á pallbílum. Vegurinn þarna er mjög þröngur og slæmt að mætast. Voru pallbifreiðarnar að mætast og var önnur þeirra kyrrstæð er hin bifreiðin ók framhjá er hliðarhalli kom á bifreiðina sem gerði þetta að verkum. Ökumaður þeirrar bifreiðar hélt akstri áfram og

sagðist ekki hafa orðið var við áreksturinn. Bifreiðin fannst svo á tjaldstæði á Klaustri. Eftirlit með gæsaskyttum hefur verið í vikunni en gæsaveiðitímabilið hófst 20. ágúst s.l.

Námskeið lögreglubífhjólamanna var í þessari viku og komu þeir akandi til Víkur í Mýrdal í æfingaakstri sínum. Þar snæddu þeir í Víkurskála og héldu svo för sinni áfram til Reykjavíkur aftur.

Tekið saman af, Guðmundi Inga Ingasyni, varðstjóra, Kirkjubæjarklaustri



Bífhjólamenn á námskeiði, á ferð sinni í Vík í Mýrdal. Mynd: GII

GOLFMÓT



Hótel Laki 2008

Hótel Laka mótið í golfi verður haldið á Efri-Víkurvelli, laugardaginn 6. september. Ræst verður út kl. 13:00. Leikið verður samkvæmt punktakerfi, með og án forgjafar.

Skráning í síma 4874694.

Golfklúbburinn Laki.

Hjúkrunar- og dvalarheimilið

Klausturhólar

Starfsfólk óskast í ræstingar

Um hlutastarf getur verið að ræða bæði einhverja tíma á dag eða einhverja daga í viku. Sveigjanlegur vinnutími ef þess er óskað.

Upplýsingar veitir Margrét Aðalsteinsdóttir

Símar: 487 4870 894 4985



UMHVERFISVIÐURKENNING MÝRDALSHREPPS

Umhverfis- og náttúruverndarnefnd Mýrdalshrepps óskar eftir tilnefningum til umhverfisviðurkenninga. Tilnefna skal garða, fyrirtæki eða býli í Mýrdalshreppi sem þykja skara fram úr fyrir snyrtimennsku. Tilnefningum má skila í þar til gerðan kassa í Kjarval í Vík til 19. september 2008.

Umhverfis- og náttúruverndarnefnd

Klaustursbúar!

Verð á Kirkjubæjarklaustri dagana 19.-22. sept.

Pantið tíma í alla almenna snyrtingu



Upplýsingar í síma 861 9181

Heiðís Steinsdóttir snyrtifræðingur.

Verð á Skaftárvöllum 2 á Klaustri

(Geymið auglýsinguna)

skólaliði - skólaliði - skólaliði

Okkur bráðvantar skólaliða til starfa við grunnskólann.

Starfið er fólgið í þrífum og framreiðslu á morgunhressingu og hádegisverði.

Um er að ræða 100% starf en hlutastarf kemur einnig til greina.

Nánari upplýsingar hjá skólastjóra og á skrifstofu Mýrdalshrepps

RÉTTARBALL!

Hljómsveitin Napoleon mun leika fyrir trylltum dansi laugardaginn 6. september næstkomandi í félagsheimilinu Kirkjuhvoli.

Húsið opnar kl. 23:30! Litlar 2.000 kr. inn!

16 ára aldurstakmark!

::::: Látið sjá ykkur! :::::

Íþróttahátíð USVS

Íþróttahátíðin fór fram á Víkurvelli og voru alls 70 keppendur frá 3 aðildarfélögum USVS.

Veðrið lék ekki beint við okkur en Skaftfellingar létu það nú ekki stöðva sig. Hátíðin var í umsjón umf Kötlu en naut dyggrar aðstoðar starfsmanna úr umf Skafta og umf Ármanni.

Grímur Sævar Kristjánsson nýráðinn íþrótt- og tómstundafulltrúi hjá Mýrdalshreppi var mótsstjóri.

Þulur hátíðarinnar var Guðný Sigurðardóttir form umf Kötlu.

Eftir hátíðina var boðið upp á grillaðar pylsur og ís og bauð Mýrdalshreppur keppendum í sund.

SS, Kjörís og Vilberg kökuhús á Selfossi styrktu Íþróttahátíð USVS

Á hátíðinni var slegið eitt héraðsmeit en það gerði Magdalena Katrín Sveinsdóttir umf Kötlu í kúluvarpi en hún kastaði kúlunni 9,38. Fyrri metið átti Sara Lind Kristinsdóttir 9,01.

Stigahæstu einstaklingar mótsins voru:

8 ára og yngri: Jakobína Kristjánsdóttir og Guðmundur Elíasson umf Kötlu

9-10 ára: Aron Bjartur Jóhannsson umf Kötlu

11-12 ára: Ægir Máni Hauksson umf Kötlu

13-14 ára: Ármann Daði Gíslason umf Skafta

15-16 ára: Arnar Snær Ágústsson umf Kötlu

17 ára og eldri: Kristín M. Kasparsdóttir umf Kötlu

Stigahæstu félög:

12 ára og yngri: umf Katla 320 stig
umf Skafti 40 stig

13-14 ára: umf Katla 107 stig
umf Skafti 29 stig
umf Ármann 16 stig

15-16 ára: umf Katla 74 stig
umf Skafti 40 stig

17 ára og eldri: umf Katla 76 stig
umf Skafti 18
umf Ármann 17 stig

Stigahæsta félag á Íþróttahátíð 2008 var umf Katla með 577 stig.

Árangur keppenda má sjá inn á síðu FRÍ fri.is undir mótaforrit.

Einhverjar tölur vantar inn á úrslitin og eitthvað er um að greinum sé "ólokið" en unnið verður í leiðréttingum strax og auðið er.

USVS þakkar keppendum, starfsmönnum og gestum fyrir skemmtilegt mót

Tekið af vef Ungmennasambands V-Skaft

Slökkiviliðið í Vík

vantar bílhræ vegna námskeiðs um nk. helgi

Uppl. hjá Ívari í síma 891 9968

Sveitarstjórn Skaftárhrepps

samþykkti á fundi sínum 5. ágúst 2008 að auglýsa til kynningar eftirfarandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014. samkv. 1. málsgrein 18. gr. Skipulags og byggingarlaga nr 73/1997 með síðari breytingum:

Skaftárhreppur - Aðalskipulag 2002-2014
Breyting á aðalskipulagi í landi Dalshöfða

Í breytingartillögunni felst að virkjun við Hnútu er stækkuð úr 2,5 MW í allt að 15 MW. Ennfremur er jarðstreng frá virkjuninni að tengivirki breytt úr 11 kV í 66kV .

Skipulagsuppdráttur, greinargerð og umhverfisskýrsla munu liggja frammi til sýnis á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 15 á Kirkjubæjarklaustri og á heimasíðu Skaftárhrepps, slóðin: [<http://www.klaustur.is/?i=51&expand=46-51>] **frá 5 september til 3. október 2008.** Ennfremur verður tillagan til sýnis hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík á sama tíma. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Athugasemdum skal skila á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 15, Kirkjubæjarklaustri fyrir **17. október 2008** og skulu þær vera skriflegar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytingartillöguna innan tilskilins frests teljast samþykkir henni.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Skaftárhrepps



Starfsmaður óskast

í 25% starf í heimaþjónustu hjá Mýrdalshreppi

Laun samkvæmt kjarasamningi LN og FOSS

Upplýsingar veitir undirrituð í síma 487-1210 eða á skrifstofunni

Helga Halldórsdóttir
skrifstofustjóri